

Mál nr. 447/2025

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiri vátryggingartaka (X)

### Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. nóvember 2025 ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags. 9. janúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 3. febrúar 2026.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögregluskýrslu, dags. 13. júlí 2022, varð M þann 11. júlí sama ár fyrir líkamstjóni við vinnu sína hjá X. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi dottið er hann var að teygja sig í steinull sem var verið að hífa upp á timburbretti (pallettu). Í þeirri skýrslu er einnig haft eftir Z sem stjórnandi byggingarkrananum sem notaður var við að hífa upp steinullina að þegar M hafi teygst sig í steinullina til þess að reyna að toga hana til sín hafi hann séð timburbrettið sem steinullin var á brotna og M falla til jafar. Einnig er í lögregluskýrslunni haft eftir Y, samstarfsmanni M, að hann hafi verið staddur á þriðju hæð hússins ásamt M þar sem hann hafi ætlað að hjálpa M við að toga til sína steinullina sem búið var að hífa upp. Segir Y að M hafi sett annan fótinn á miðju spýtu svalarhandriðsins og ætlað að teygja sig í bandið sem var fest við timburbrettið. Segir Y að þá hafi brettið brotnað og að hann haldi að M hafi flækst í bandinu og fallið fram af handriðinu. Í lögregluskýrslu, dags. 11. nóvember 2022, er málsatvikum þannig lýst að kranastjórinn hafi híft brettið með steinullinni upp á þriðju hæð hússins, þ.e. í um það bil 6 metra hæð. Hafi M staðið þar á svölum til þess að taka á móti brettinu. Síðan virðist brettið hafa gefið sig, þ.e. spýtur brotnað úr því, og við það hafi steinullin fallið til jafar. Svo viðist sem M hafi reynt að toga í brettið inn á svalirnar, en við það hafi hann fallið. Það hafi orðið honum til happs að hann lenti að steinullinni. Veður á slysdegi hafi verið milt, þurr og logn. Vinnueftirlitinu var tilkynnt um slysið og kom á vettvang á slysdegi. Í tilkynningum til Vinnueftirlitsins og til Sjúkratrygginga er að finna eftirfarandi málsatvikalýsingu: „Sá slasaði stóð á 3. hæð svalgargangs og var að taka á móti steinullarpökkum inn á göngusvalirnar. Kranamaður hafði áður staðsett bretti af steinullarpökkum fyrir utan handriðið. Steinullin pressast saman að ofanverðu sem gerir það að verkum að erfitt er að losa hana úr brettinu. Brettið hékk kyrrt fyrir framan handriðið á meðan hinn slasaði reyndi að losa ofan úr því. Hinn slasaði teygði sig út eftir steinullarpakka með þeim afleiðingum að hann missti jafnvægið og féll út fyrir handriðið. Í fallinu nær hinn slasaði að grípa í stroffu utan um brettið með þeim afleiðingum að steinullarpakkarnir losna úr brettinu og falla niður. Hinn slasaði nær ekki að halda í stroffurnar og fellur niður...“

Í málskoti er á því byggt að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni M enda verði slysið rakið til hættulegra aðstæðna á vinnustaðnum. Telur M að gögn málsins staðfesti að timburbrettið sem steinullin var á hafi brotnað með þeim afleiðingum að M féll og slasaðist. Máli sínu til frekari stuðnings bendir M m.a. á 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað og lið 2.1 í IV. viðauka við reglugerð nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Telur M einsýnt að X hafi brugðist þeirri skyldu sinni að tryggja öryggi og heilsu M í umrætt sinn. Þá bendir M einnig á skýrslu Vinnueftirlitsins í þessu sambandi.

Í athugasemdum V er skaðabótaábyrgð X hafnað. Byggir V höfnun sína m.a. á því að slysið verði fyrst og fremst rakið til gáleysislegrar háttsemi M sem sé lærdur húsasmíðameistari með margra ára starfsreynslu. Vísar V m.a. í fyrirbyggjandi vitnisburð samstarfsaðila M þess efnis að M hafi sett annan fótinn á miðju spýtu svalarhandriðsins í þeim tilgangi að teygja sig í bandið sem fest hafi verið við timburbrettið sem steinullin stóð á. M hafi því í raun klifrað upp á þær fallvarnir sem voru til staðar á svölunum. Það sé eðlilegt að til hans séu gerðar þær kröfur að hann þekki vinnuumhverfið vel og viti hvaða tilgangi fallvarnir þjóna sem og hvaða áhætta fylgi því að virða þær af vettugi með framangreindum hætti. Þá telur V að skýrsla Vinnueftirlitsins staðfesti að áhættumat hafi legið fyrir.

Bendir V á að þó það komi fram í þeirri skýrslu að innleiðing áhættumats af hálfu X virðist hafa verið ábótavant séu ekki orsakatengsl milli þess og slyssins. V telur að framangreint eigi að leiða til þess skilyrði skaðabótaábyrgðar X séu ekki uppfyllt.

Í viðbótarathugasemdom M er ítrekað að M telji að tjón hans megi rekja til þess að aðstæður á slysstað hafi verið hættulegar, en ljóst sé af framburði M og vitna sem og af ályktunum í lögregluskýrslu að tímurbrettið sem steinullin hvíldi á hafi gefið sig sem hafi leitt til þess að M féll og slasaðist. Þá er bent á að af skýrslu Vinnueftirlitsins megi álykta að aðstæður á slysstað hafi verið hættulegar og að X hafi í umrætt sinn ekki gengið úr skugga um að fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta hafi verið gætt.

### Álit.

Almennar sönnunarreglur í skaðabótarétti gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni sínu beri sönnunarbyrði um að skilyrði slíkrar ábyrgðar séu uppfyllt. Eins og að framan greinir byggir M skaðabótakröfu sína á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar á meðan V byggir höfnun sína á því að fallvarnir hafi verið í lagi og slysið verði í raun rakið til þess að M hafi ekki virt þær. Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að slys M verði fyrst og fremst rakið til þess að aðstæður á vinnustað í umrætt sinn hafi ekki verið eins öruggar og M mátti vænta sbr. t.d. 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 og lið 2.1. í IV. viðauka við reglugerð nr. 547/1996. Í þessu sambandi bendir nefndin á að fyrirliggjandi gögn benda til þess að meginástæða þess að M féll hafi verið sú að bretti sem steinullin stóð á hafi brotnað. Því verður að ganga úr frá því að brettið hafi ekki verið eins öruggt og M mátti vænta. Þessu til viðbótar segir m.a. eftirfarandi í lýsingu X á málsatvikum í tilkynningum um slysið til Vinnueftirlitsins og Sjúkratrygginga: „Steinullin pressast saman að ofanverðu sem gerir það að verkum að erfitt er að losa hana úr brettinu.“ Það má því ljóst vera að vinnuaðstæður M voru erfiðar. Þessu til viðbótar bendir nefndin á að í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur m.a. fram að þó áhættumat hafi legið fyrir af hálfu X virðist innleiðingu þess hafa verið ábótavant. Þá er þar tekið fram að áhættumat sé mikilvægur hluti af áætlun fyrirtækis um öryggi og heilbrigði. Þessu til viðbótar telur nefndin að V hafi ekki tekist að sýna fram á að tjónið verði rakið til háttsemi M með þeim hætti að það eigi að hafa áhrif á framangreindan bótarétt.

### Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu skaðabóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 11. mars 2026.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir